


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Fyrirheit Guðs til Abrahams



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus
Alastair Peterson
Aðlagð af: M. Maillot; Tammy S.
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2022 Bible for Children, Inc.

SKilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

1



Löngu eftir flóðið fengu jarðarbúar
furðulega hugmynd. "Nú skulum við
byggja stóra borg með turni sem
nær alla leið til himna," sögðu þeir.

Í þá daga töluðu allir jarðarbúar
sama tungumál.


2

Ætlun Guðs var að fólk færi og settist að víðsvegar um heiminn. Svo Guð innleiddi ný tungumál, og fyrr en varði töluðu sumir hópar fólks öðruvísi mál en aðrir.




3

Peir sem töluðu sama málið fluttust nú saman í burtu. Kannski fólk hafi orðið hrætt við þá sem töluðu framandi mál. Þannig fór Guð að því að stofna hinar ýmsu þjóðir. Borgin sem fólkið fluttist frá var kölluð Babel, sem þýðir rugl.




4

Löngu síðar vikur sögunni til manns er hét Abram, og bjó í Úr í Kaldeu. Guð kom til Abrams og sagði. "Farðu burt úr þessu landi, til landsins sem ég mun vísa þér til."



5

Abram gegndi. Guð vísaði honum til Kanaanlands. Abram tók konu sína Saraí og Lot frænda sinn með sér.



6

Abram og Lot urðu báðir ríkir í Kanaanlandi. Þeir eignuðust stórar nautgripahjarðir, og fyrr en varði skorti þá beitiland fyrir hjarðirnar.



7

Sundurþykkja reis upp á milli hjarðanna þeirra. "Látum ekki misklið sundra okkur," sagði Abram við Lot. "Við skulum aðskiljast. Þú velur þér hvað sem þú vilt af landinu."



8

Lot valdi sér grösuga landsléttu, stórt landflæmi glæsilegt á að líta, með borgum og bæjum. En fólkíð í borgunum var afvegaleitt og stórsyndugt.




9

Þegar Lot var farinn, talaði Guð aftur við Abram. "Ég gef þér og þínum niðjum allt Kanaanland til eilífðar." Abram og Saraí voru barnlaus. Hvernig mundi Guð fara að því að standa við loforð sitt?



10



Þrjú menn frá Guði komu í heimsókn til Abrams og Saraí. "Þið munuð bráðum eignast barn" sögðu þeir. Saraí trúði ekki og hló við, því hún var orðin níutíu ára gömul. Guð hafði nú breitt nöfnum Abrams og Saraí í Abraham og Söru. 11



Guð sagði Abraham að hann hefði í hyggju að eyða hinum syndugu borgum, Sódómu og Gómorru. Lot, frændi Abrahams og fjölskylda hans, áttu heima í Sódómu. 12

Lot trúði viðvörðunum Guðs, en tengdasynir hans ekki. Þótt sorglegt sé, trúðu þeir ekki á Guð og neituðu að yfirgefa Sódómu. 13




13

Báðar borgirnar syndugu, eyðilögðust af eldi og brennisteini. Engir nema Lot og dætur hans tvær, komust undan. 14




14

En kona Lots óhlýðnaðist viðvörðunum Guðs. Hún leit við á hlaupunum og varð að saltstöpli.



15

Drottinn stóð við það sem hann hafði lofað Abraham og Söru. Þeim til mikillar gleði, eignuðust þau barn í ellinni eins og Guð hafði sagt þeim.



16

Líklegt er að Abraham hafi oft íhugað loforð Guðs um að gefa honum og afkomendum hans Kanaanland til eignar. Guð stóð líka við það loforð. Guð stendur alltaf við loforð sín.



17

Fyrirheit Guðs til Abrahams

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 11-21

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130

18

Endir

4



60

19

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur, og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

20